



# Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 8. tbl.

September 2011



**Stuð, stuð, stuð og aftur stuð!!**

**Réttarball í Árnesi 16. september!**

**Stuðlabandið heldur uppi stuðinu!!**

**Húsið opnar kl. 22:00.**

**18 ára aldurstakmark.**

**Barinn opinn!**



**Réttarstuðið verður á  
Hestakránni Húsatóftum  
laugardaginn 17. september.**



**Á Réttardaginn:**

**Kjötsúpa frá kl 12.00 og þar til búið er úr pottunum.**

**Um kvöldið:**

**Húsið opnar kl. 22:00**

**Pabbi & Prinsinn halda uppi rífandi stemmningu!**

(feðgarnir Labbi & Bassi)

Aldurstakmark 18 ára.

**Sjáumst!**



## **Skólinn var settur þann 22. ágúst í sal skólans.**

Þá fengu nemendur stundatöflur, innkaupalista og sungin voru saman nokkur lög. Hér fyrir neðan eru helstu atburðir í skólabyrjun.

### **Útilega**

Árlega útilega skólans var dagana 25. – 26. ágúst. Allt gekk vel og veðrið lék við okkur. Á fimmtudeginum voru settar upp tjaldbúðir og síðan var unnið í hópum fram að kvöldmat. Yngri krakkarnir fóru í göngutúr, í stöðvavinnu og léku sér saman úti í náttúrunni. Eldri krakkarnir fóru í að hlúa að skóginum sínum, grisja, snyrta og enduðu síðan daginn á því að búa til skýli úr trjágreinum og tálga sykarpúðaprik. Um kvöldið voru síðan grillaðir sykarpúðar yfir opnum eldi og sungin nokkur lög. Margir foreldrar lögðu okkur lið og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það. Nemendur stóðu sig vel og voru skólanum okkar til mikils sóma.



### **Uppskeyra**

Þriðjudaginn 6. september var útikennsla í 5. - 7. bekk. Hluti nemenda hlúði af trjám á skólalóðinni og aðrir fóru að taka upp kartöflur sem þau settu sjálf niður í vor. Kartöflurnar eru ræktaðar í moltu sem er jarðvegur unnin úr lífrænum úrgangi skólans. Uppskeyran var mjög góð, stórar og myndarlegar Gullauga.

Kartöflurnar verða notaðar í heimilisfræði og einnig mun Gauti elda þær handa okkur í hádeginu.

### **Hjóladagur**

Miðvikudaginn 7. september var hinn árlegi hjóladagur í Þjórsárskóla. Nemendur komu með hjólin sín og hjálmana í skólann og farið var í hjólaferð. 1.- 3. bekkur hjólaði upp að Geldingarholti, 4. - 5. bekkur fór Skafttholthring og 6.- 7. fór upp Löngudælarholt, yfir Kálfá og hringinn. Dagurinn gekk mjög vel. Nemendur fóru vel eftir fyrirmælum og voru mjög duglegir að hjóla. Kær kveðja. Bolette.



# Réttir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011!

**Skaftholtsréttir föstudaginn 16. sept. kl. 11:00**

**Reykjaréttir laugardaginn 17. sept. kl. 09:00**



## *Útskrift 2011!*

Þann 9. júlí sl. útskrifaðist Ástrós Ýr Eggertsdóttir, Kálfhóli, sem stúdent af náttúrufræðibraut frá Menntaskólanum Hraðbraut en Ástrós er aðeins 17 ára!

Og þann 11. júní útskrifaðist móðir hennar, Sigrún H. Arndal, sem leikskólakennari frá Háskóla Íslands.

**Hér eru duglegar mæðgur á ferð og óskum við þeim innilega til hamingju með áfangann!**



## **Frá Vörðukórnum:**

Fyrsta æfing haustsins verður í Árnesi miðvikudaginn 1. september kl. 20:30.

Vörðukórinn æfir til skiptis í Árnesi, Flúðum og Brautarholti.

Nýir félagar velkomnir.

 **VÖRÐUKÓRINN**

# Útivistarnefnd Kvenfélags Gnúpverja auglýsir.

- ♦ Við í göngunefnd Kvenfélags Gnúpverja höfum ákveðið að halda áfram að hittast á mánudögum í vetur.
- ♦ Nú ætlum við að hittast við Félagsheimilið Árnes kl. 17.30 og ganga í c.a klukkutíma.

**Það eru allir velkomnir.**  
**Dúdda og Hrafnhildur.**



Skattstiginn genginn 29.8.

**Steinunn Á. Einarsdóttir sér um útleiguna í  
Brautarholti gsm 848-1474.**  
**Hafið samband við skrifstofuna í Árnesi með  
bókanir vegna fjallaskála, salar og  
fundarherbergis í Árnesi s. 486-6014.**

**EIMSKIP**

**Flúðaleið ehf** Landflutningar  
SAMSKIP

*Verktaki fyrir Eimskip og Samskip*

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

**Brottför frá Reykjavík alla virka daga:**

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

**Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími:

486-1070 fax 486-6693 gsm: 892-2370 [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum: 892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

*Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar*

# LEIKFIMI FYRIR KONUR

## Í Brautarholti!

Sex vikna námskeið fyrir konur á öllum aldri.

2x í viku á þriðjudögum og fimmtudögum **kl.19:15.**

Kennari er Eygló Linda Hallgrímsdóttir frá Lifandi húsi.

Skráning og upplýsingar hjá Jóhönnu Vilhjáms.

í síma 864-6101 og Millu í síma 691-2453.



Allar konur velkomnar.

Kvenfélag  
Skeiðahrepps.

## Vegfarendur athugið!

Fimmtudaginn 15. sept. er fjársafn af Gnúpverjaafrétti rekið fram Skeiða- og Gnúpverjahrepp í náttstað í Fossnesi og um miðjan dag geta orðið tafir á umferð, þann dag, um veg nr. 32, Þjórsárdalsveg þar sem ógjörningur er að reka féð annars staðar. Hægt er þó að sæta lagi með að komast fram hjá frá kl. ca 15:30 - 18:30 og venjulega er féð komið í girðingu við Fossnes um kl. 20:30.

Daginn eftir þann 16. sept. er féð rekið áfram veg 32 að Skaftholtsréttum þar sem því er réttað, en hægt er þá að nota hjáleið fyrir bílaumferð um gamla þjóðveginn þ.e. Löngudælarholt eins og kallað er.

Flóa -og Skeiðamenn reka sitt fé einnig um veg nr. 32, Þjórsárdalsveg, föstudaginn 16. sept. og geta þá orðið tafir á bílaumferð, sérstaklega á Sandlækjarmýrinni seinnipart dagsins því þar er mjög þröngt að reka. Laugardaginn 17. sept. geta enn orðið smávægilegar tafir á Skeiðaveginum þegar bændur reka fé sitt í heima-haga úr Reykjaréttum.

## **20. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps**

**Þriðjudaginn 06.09.2011 í Árnosi kl. 13:00.**

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason.

Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið en svo reyndist ekki vera.

1. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla fundur haldinn 29.08. 2011.  
Fundargerð samþykkt.
2. Fundargerð velferðarnefndar Árneshlíða 1. fundur haldinn 31.08. 2011.  
Fundargerð lögð fram.
3. Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árneshlíða haldinn 08.08.2011. Fundargerð samþykkt.
4. Fundargerð Skipulags-og byggingarnefndar 38. fundur haldinn 25.08.2011. Jafnframt lagðar fram til kynningar fundargerðir afgreiðslufunda byggingafulltrúa fundur nr. 68 haldinn 03.08.2011 og fundur nr. 69 haldinn 24.08.2011.  
Fundargerð Skipulags- og byggingarfulltrúa staðfest.  
Afgreiðslufundargerðir nr. 68 og 69 lagðar fram.
5. Fundargerð afréttamálanefndar Gnúpverja, fundur haldinn 29.08.2011.  
Tillaga að fjárhagsáætlun fjallskila 2011 samþykkt. Fundargerð samþykkt og oddvita falið að fjalla um 4. lið við hlutaðeigandi aðila.
6. Erindi frá Iðnaðarráðuneyti með ósk um umsögn vegna þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landssvæða. Farið verður yfir málið en afgreiðsla málsins verður á fundi sveitarstjórnar þann 4. október. Lagt fram.
7. Ósk frá Tónkjallaranum um framlengingu á samningi við sveitarfélagið, áður á dagskrá síðasta sveitarstjórnarfundar. Samþykkt framlenging á samningi við Tónkjallarann til eins árs miðað við fyrirliggjandi nemendalista.
8. Erindi frá Sýslumanninum á Selfossi vegna endurnýjunar á leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II í versluninni Árborg.  
Annað erindi frá Sýslumanninum á Selfossi vegna endurnýjunar á leyfi til reksturs gististaðar í flokki V í Hestakránni, Húsatóftum.  
Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti endurnýjun á báðum leyfum.
9. Aðilar sem sýnt hafa áhuga á rekstri tjaldsvæðis við Árnes komu á fundinn og gerðu grein fyrir hugmyndum sínum. Ákveðið að athuga málið og ákvörðun frestað til næsta sveitarstjórnarfundar.

### **Mál til kynningar.**

- A. Fundargerð stjórnar SASS 445. fundur haldinn 12.08.2011.
- B. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 205. fundur haldinn 10.08.2011.
- C. Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 131. fundur haldinn 18.08.2011.
- D. Erindi frá Ungmennafélagi Íslands v/forvarnamála.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:00.



## Safnahelgi á Suðurlandi 4. – 6. nóvember 2011

Safnahelgi er orðinn árviss viðburður á Suðurlandi og Uppsveitirnar hafa verið virkir þátttakendur í þessu skemmtilega samstarfsverkefni. Söfn og sýningar hafa verið opnar og ýmsir viðburðir hjá ferðaþjónustuaðilum í tilefni helgarinnar.

Allir viðburðir safnahelgar eru svo kynntir og auglýstir sameiginlega í einni dagskrá. Fjölbreytnin á sér engin takmörk og allir þeir sem hafa einhverja hugmynd eru hvattir til að láta í sér heyra.

Upplit menningarklasi Uppsveitanna hefur komið fram með hugmynd um að standa fyrir **safnara-sýningu** þessa helgi. Þannig að á einum stað verði til sýnis ýmis lítil einkasöfn. Þessi sem leynast víða á heimilum: frímerki, spil, merki, uglur, kindur, húfur, pennar, lím-miðar, eldspýtustokkar eða hvaðeina sem menn hafa gaman af að safna og aðrir hafa gaman af að skoða. Hvort af þessu verður ræðst af þátttöku sveitunga.

Þeir safnarar sem hafa áhuga á að vera með í slíku eru hvattir til þess að láta í sér heyra.

Allir áhugasamir um safnahelgi eru hvattir til að hafa samband.

Kær kveðja  
Ásborg Arnþórsdóttir  
[asborg@ismennt.is](mailto:asborg@ismennt.is)  
s. 486 8810 - 898 1957



### Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!

Endurútgefið kort, með örnefnum, af afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna er til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar **kr. 500.–** Gott í vasann!

Flúða Taxi



Sími 893 1462

# Leitin að gullinu!

Veturinn 2011 - 2012 verður haldin röð námskeiða undir heitinu **Leitin að gullinu** og er þá vísað í þjóðsöguna um Gullkistuna en jafnframt í það að allir eiga gull í sköpunarhæfileikum sínum sem ber að hlúa að.

Námskeiðin eru styrkt af **Menningarráði Suðurlands**.

Öll námskeiðin eru hugsuð þannig að unnið verður út frá umhverfi, menningu, sögu og hefð nánasta umhverfis í Laugardalnum. Þannig verður tryggt að það sem gert er á námskeiðunum gefur nýja sýn og nýja nálgun á margt sem fyrir er. Gert er ráð fyrir að almenningur hafi aðgang að þeim afurðum sem til verða á þessum námskeiðum.

Fyrsta námskeiðið er í teikningu með áherslu á teiknimyndasögur.

## Þjóðsagan um Gullkistuna

Teikning / Teiknimyndasögur.

Kennarar: **Peeter Krosmann** listamaður og kennari við Tartu Art School í Eistlandi og Kristveig Halldórsdóttir listamaður og kennari í Borgarholtskóla.

Þema: **Þjóðsagan um Gullkistuna**

Tími: **17. september 2011**

Klukkan 9 – 17 ( 1 klst. matarhlé + kaffi)

Fjöldi nemanda: 15 hámark

Verð fyrir námskeið: 14.000.-

Opið hús fyrir almenning til að sjá afrakstur dagsins frá 17 - 18

Í október verður spennandi námskeið fyrir börn á

**ÖLLUM aldri** með indverska listamanninum Baniprosonno.

Fylgist með fréttum af Gullkistunni á [gullkistan.is](http://gullkistan.is)

## Gullkistan, dvalarstaður fyrir skapandi fólk!

## Gullkistan, residency for creative people!

Eyvindartungu, 801 Selfoss, Íceland

+(354) [892-4410](tel:892-4410) and

[699-0700](tel:699-0700)

[gullkistan.is](http://gullkistan.is)

[gullkistan@gullkistan.is](mailto:gullkistan@gullkistan.is)

[facebook](#)

[twitter](#)



Mynd í vinnslu hjá Peeter Krosmann.



Sækýr.




## Fótboltaæfingar á Flúðum hefjast 19. september

Knattspyrnuæfingar í íþróttahúsi og gervigrasvelli hefjast mánudaginn 19. september samkvæmt íþróttatöflu. Yngstu iðkendur æfa í íþróttahúsi en aðrir hópar úti á velli. Það er víst aldrei of oft kveðið að minna foreldra á að aðstoða börnin við réttan klæðnað eftir aðstæðum og veðri.

**Nýir iðkendur eru hvattir til að bætast í hópinn.**

Nánari upplýsingar gefur Heimir Þjálfari  
**gsm. 894-3030** (eftir leitir).



## Aðalfundur Foreldrafélags Menntaskólans að Laugarvatni

verður haldinn í matsal skólans sunnudagskvöldið  
**25. september kl. 20:30.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kjósa þarf einn í stjórn úr hópi foreldra nýnema.

Kynning á heilsuefandi framhaldsskóla en ML er einn af þeim skólum.

Sjáumst hress og kát.

Foreldraráð.



## Messur!

**2. okt**

(15. sd e. Trin)

**Hruni kl. 11.**

**Stóri- Núpur kl. 14.**

**9. okt**(16.sd.e.Trin,)

**Ólafsvellir kl. 11.**

**Hrepphólar kl. 14.**

Sóknarprestur



Byggingafélagið **Árborg** ehf.


Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275



**Húsasmiðar**  
**Innréttingar**  
**Vélaleiga**  
**Gröfur o.fl.**



# Kertasmiðjan í Brautarholti



Nánari upplýsingar veita  
Hermann og Ragnhildur í síma  
663 4666 og 893 3999

[www.kertasmidjan.is](http://www.kertasmidjan.is) - mail: [kertasmidjan@web.is](mailto:kertasmidjan@web.is) - S. 486 5518



**Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Bókahúsinu, Brautarholti.**

**Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00**

Hægt að skila allan sólarhringinn.  
[bokasafn@skeidgnup.is](mailto:bokasafn@skeidgnup.is) S: 486-5500



**VÖNDULL ehf  
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í  
ÁRNESSÝSLU.**



**Brottför frá Reykjavík, Hédinsgata 1-3  
sími: 533 2211.**

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00  
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.  
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

**Upplýsingar í síma:  
856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán**

**Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300**

**Símatímar lækna alla virka daga kl. 9-9:30 og 13 –13:30**

**Sími í neyðartilvikum 892- 8804**

**Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655**

## Hér meðfylgjandi er er fréttatilkynning frá **Matarsmiðjunni á Flúðum.**

Matarsmiðjan á Flúðum í samstarfi við Kaffi Grund hefur ákveðið að halda súpufundi, 1-2 tvisvar í mánuði eftir því sem færi gefst. Er hugmyndin að einstaklingar geti hlustað 20-30 mínútna fyrirlestur um eitt ákveðið málefni er snýr að matargerð, á meðan viðkomandi fær sér að snæða. Í framhaldi af fyrirlestrinum verður tekið á móti fyrirspurnum og almenn umræða í framhaldi af því. Fyrsti fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 6. október. Verður sá fundur tileinkaður: Markmiðum og tilgangi matarsmiðja. Aðrir fyrirlestrar sem eru á döfinni eru: Kostir og gallar færanlegra sláturhúsa, Hvað ber að varast við vinnslu á hrárrí kjötvöru og Hvaða möguleika eiga bændur með heimavinnslu á mjólkurvörum. Einnig eru allar ábendingar um heppilegt efni vel þegnar.

Allir velkomnir og vonandi sjáumst við sem flest.  
Kveðja, Matarsmiðjan á Flúðum.



### Þú veist hvaðan það kemur!

**Sveppirnir og grænmetið frá Jörfa.**  
Okkur vantar gott fólk til að hjálpa okkur við uppskeruna og þökkun.  
Við erum sveigjanleg í samningum um vinnutíma o.fl.

**Upplýsingar Flúðasveppir/Jörfi:**

|          |         |
|----------|---------|
| 480 6700 | Lilja   |
| 664 6705 | Eiríkur |
| 893 9199 | Friðrik |
| 893 9911 | Georg   |



# Bak við eldavélina.

Á dauða mínum átti ég fyrr von en því að ég yrði gerður að matgæðingi vikunnar í þessu fréttabréfi. Ég held að frændi minn hafi verið að ögra mér. Lengi vel héldu dætur mínar að ég væri snilldarkokkur en matargerð mín fólst í því að setja fjögur til fimm egg á pönnu og hreinsa úr ísskápnum.

Öllu var síðan hrært saman og látið malla yfir rólegum hita. Það komst síðan upp um mig þegar ég hélt að brúnt jukk í skál væri sósa en ekki sörukrem. Eftir það hef ég áttað mig á því að ég á frekar að vera „thinker“ heldur en „doer“ þegar kemur að matargerð.

Síðast liðið ár hef ég orðið vitni að því að matargerð er miklu meira listgrein heldur en iðngrein. Helga kona mín á uppskrift að meistaralegri marineringu fyrir nautakjöt, fisk og kjúkling. Tekið skal fram að ef notaður er þykkari vöðvi en hryggvöðvi eða lund er algjör nauðsyn að nota jaccard schnitzel hnif frá Adda og Beggu í Landstólpa. Með kjötinu er svo höfð villisveppasósa og soðnar nýjar kartöflur eða kartöflumús úr sætum kartöflum og rjóma, svo er alltaf gott að taka nokkur kálblöð og skella á diskinn þegar maður færir fyrir kýrnar. Í eftirrött er svo rabarbaraostakaka borin á borð.



## Marneringin

- 1 bolli ólífuoía
- 1 bolli soyasósa
- 2 msk þúðursykur
- 1-1,5 msk tandoorikrydd (eftir smekk)
- 1 góð msk ferskt engifer, saxað
- 5 hvílauskgeirar
- 1 tsb basil
- safi úr hálfri sítrónu
- ¼- ½ chillipipar eða 1 ferskur pipar eftir smekk (meira fyrir nautakjötið)



marineringin er svo sett í mulara og kjötið er látið liggja í marinerungunni í sólaring, fiskur 4-6 tíma. Kjötið eða fiskurinn er svo grillað eða steikt á pönnu.

## Villisveppasósa

- 30 g þurrkaðir furusveppir úr Þjórsárdal volgt vatn
- 1 msk smjör
- 1 msk matarolía
- 200 ml vatn
- ½ timjain þurrkað
- 250 ml rjómi
- ein askja (110 g) rjóma-ostur með svörtum pipar, má vera annað krydd.
- 100 ml sherry eða þúrtvín, má sleppa,



Leggið sveppina í bleyti í 1 klst. Sigið sveppina frá og geymið vökvann. Hitið smjör og olíu á pönnu, steikið sveppina og timjain við lágan hita. Vatnið af sveppunum sett í pott ásamt rjóma og rjómaosti. Hitið rólega og hrærið oft. Þegar osturinn er bráðinn eru sveppirnir settir úti ásamt sérri eða þúrtvíni, sé það notað. Má samt krydda með öðru eins og lauk, sveppakrafti, soði af kjöti eða öðru t.d. gráðast.

# Nýstárleg Rabarbaraostakaka

## Svampbotn

1 dl egg (2-3 egg)

1 dl sykur

1 dl hveiti

Þeytið saman egg og sykur þar til það er ljós og létt, sigtið hveiti úti og blandið varlega.

Bakið í smurðu klemmuformi við 180°C 15-20 mínútur.

## Rabarbarafylling

500 g rabarbari

100 g rífsberjahlaup

100 g sykur

Skerið rabarbarann niður. Setjið rabarbara, rífsberjahlaup og sykur í pott og sjóðið við vægan hita í 5 mín. Takið frá ½ dl af safi fyrir ostafyllinguna og 1 dl af safi sem nota skal í hlaupið. Setjið rabarbaramaukið ofan á svampbotninn.



## Ostafylling

250 g rjómaostur, hreinn

2 eggjarauður

100 g sykur

1 tsk vanilludropar

6 blöð matarlím

½ dl rabarbarasafi

2 eggjahvítur

1 ½ dl þeyttur rjómi

Látið matarlímsblöðin liggja í köldu vatni í 3-4 mínútur, takið blöðin uppúr og kreistið vel, leysið matarlímsblöðin upp í heitum rabarbarasafa og kælið örlítið. Þeytið rjómaostinn vel með eggjarauðunum, 50 g af sykri og vanilludropum. Hellið uppleystu matarlíminu út í ostablönduna þannig að matarlímið renni í mjórri samfelldri bunu og hrærið vel en léttilega. (mjög mikilvægt) Stífþeytið rjómann. Stífþeytið eggjahvíturnar með 50 g af sykri og blandið í ostahræruna ásamt þeytta rjómanum. Hellið ostablöndunni ofan á rabarbaramaukið í klemmuforminu og kælið.

## Hlaup ofan á kökuna

1 dl rabarbarasafi

3 blöð matarlím

Velgið 1 dl af rabarbarasafa og bræðið matarlímsblöðin í safanum. Kælið hlaupið örlítið áður en því er hellt yfir kökuna (rétt ylvolgt) setjið kökuna í ísskáp og látið kólna a.m.k. 6 tíma fyrir borðhald.

Tekið skal fram að ég kem ekki nálægt gerð þessara krása en ég kann að njóta þeirra.

Ég vil skora á frænda minn og vin, Ólaf Leifsson til að koma með næstu uppskrift.

Kveðja. Jón Vilmundarson



# **ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM** Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

Málningarvörur-flugger innimálning-spartl-spaðar og einnota gallar  
Kítti-frauð-kíttispressur-trélím og gluggapéttilistar

Fyrir bílinn-bíltjakkar-loftverkfærasett-hreinsiefni-olíur-þurrkur og perur

Bogasagir-lóðbyssa-strekkiborðar-hamrar- áltröppur-borar og slípi-skífur

Fyrir gæludýrin-hundamatur-kattamatur-varpfóður

Hestavörur-múlar-gjarðir-beisli-pískar-skeifur-botnar-lýsi og salts-teinar

Eldhús-vaskar og kranar-handlaugar-handklæðaofnar og stíflueyðir

Múr-Maskinu- og Borðaboltar-snitteinar-skinur og rær

Fyrir heimilið-pönnukökuspaði-silicon bökunarform-ryksegulbusti-reykskynjari-skarttengi-fjöltengi-balar-snúrur og gæða hnífasett

Bréfabindi-pappír-umslög-bréfabakkar- reikni-og stílabækur

Heftibyssur-hefti-límbyssa-skæri-lím og spreylakk

Plast og járn fittings-vatnslásar-niðurföll-affallsog tengibarkar

Flísar-parket-dúkar-teppi-fúga-flísaagir-og fúguset

Sement-múrblöndur og flísalím

Lopi-band-rennilásar-tvinni-nálar-prjónar-heklunálar-heklugarn-prjónablöð og ýmis hjálpartæki fyrir prjónakonuna!

Fyrir veturinn-stormjárn-leka og vatnsvörn-ljósaperur- hitamælar-hitablásarar-stígvél og regnföt

Girðingarefni-staurar-starranet-hænsnanet-vírklippur

Fyrir öryggið-öryggisgleraugu-heyrnahlífar-rykgrímur og eyrna-tappar - vinnuvettlingar-ýmsar gerðir-vinnubuxur

Í afmælisþakkann-skapalón-vinabönd-tússlitir og púsluspil

Gos og sælgæti

Opnunartími: Virka daga 9-18 - Laugardaga 11-14

VERIÐ **VELKOMIN** – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

**ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM** Sími: 486-1866



# Hugum að hausti!



Hnífar, kjötsagir, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilspokar, balar, fötur m/loki, úrbeiningarhanskar, hamborgarapressa, vaccumpökkunarvél, vaccumpokar, o.fl.

## Námskeið í úrbeiningu



**Jóhann Bjarnason kemur aftur og** heldur námskeið í úrbeiningu og meðhöndlun á kjöti miðvikudagskvöldið 5. október n.k. kl. 20:00.

**Léttar veitingar**

## Fláningsborð



Vandað fláningsborð, galvanhúðuð grind með vatnsheldum krossviði

landstolpi.is



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

**Vetraropnun sundlauga í  
Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011**



**Neslaug s: 486 6117 - Skeiðalaug s: 486 5500**

**Frá 15. ágúst 2011**

**Skeiðalaug**

**Neslaug**

**Þriðjudaga: 17 - 21**

**Lokað**

**Fimmtudaga: 17 - 21**

**Lokað**

**Laugardaga: Lokað**

**13-17**

**Neslaug verður lokað frá 1. nóvember um óákveðinn tíma.**

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í  
sveitarfélaginu.**

**Eypór Brynjólfsson hefur tekið við  
umsjón sundlauganna frá 1. september.**

***www.skeidgnup.is***

**Næsta fréttabréf kemur út 15. okt. 2011.**

**Skilafrestur efnis til 10. okt. 2011.**

**Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir — [frettabref@skeidgnup.is](mailto:frettabref@skeidgnup.is)**

**Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinson, oddviti**

**Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps,  
mánudaga -fimmtudaga kl.9—12 og 13—15.**

**Sími 486-6014 Fax 486-6091 Sími í Áhaldahúsi  
486-6118 og 893-4426 Ari Einarsson**

**Hundafangari sveitarfélagsins  
[Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.](#)**